

FUNDARGERÐ

120. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 24. febrúar 2009 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) og Ögmundur Einarsson (ÖE)

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (119. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum.

2. Nýting hjólbarðakurls á urðunarstað

Á fundinum voru til umfjöllunar tillögur frá SORPU um nýtingu hjólbarðakurls sem framræslulags á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Stjórnin samþykkir að einingargjald fyrir endurnýtingu hjólbarðaúrgangs á urðunarstað hækki úr 28 í 38 kr./kg. Verðið verði endurskoðað þegar aðstæður gefa tilefni til eins og verið hefur við hliðstæðar verðákvarðanir en þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Endurvinnsluvika

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

4. Greiðslur til þjónustuaðila

Reglubundin endurskoðun á einingarverðum spilliefna er nú fyrir dyrum. Breytingar á kostnaðarliðum voru kynntar.

Frekari umfjöllun verði á næsta fundi

5. Stofnanir umhverfisráðuneytis

Nýskipaður mhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir hefur sent erindi til stofnana ráðuneytis um endurskoðun á stofnanauppbyggingu ráðuneytisins. Sérstaklega er litið til þess hvort ná megi fram aukinni hagræðingu með sameiningu stofnana.

6. Þjónustuaðili

Ólafur Jónsson bóndi á Fjöllum I sækir um að gerast þjónustuaðili f. heyrúlluplast.
Samþykkt.

7. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 17. mars kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs